




Lífdísilframleiðsla á Íslandi - notkun og mögule

Ráðstefna Grænu orkunnar í Reykjavík 17. september 2014



Orkey

- Orkey ehf. var stofnað á Akureyri í febrúar árið 2007 og hefur síðan þá kannað ýmsa möguleika á framleiðslu lífdísils – jafnt úr erlendu sem innlendu hráefni.
- Tilgangur Orkeyjar er að:
 - stuðla að sjálfbærri framleiðslu og notkun endurnýjanlegra orkugjafa og mun fyrirtækið leitast við að taka þátt í framförum á því sviði.
- Verksmiðja Orkeyjar á Akureyri var gangsett í nóvember 2010.
- Frá því 2011 hefur Orkey framleitt um 300.000 lítra af lífdísli. Lífdísillinn hefur verið notaður á strætó í vegagerð en stærsti hlutinn hefur verið seldur til Samherja sem brennsluhvati á skipavélar.
- Orkey hefur því minnkað CO₂ útblástur á Íslandi um 800 tonn.
- Hluthafar Orkeyjar eru 26 en 5 stærstu eiga um 70%:
 - Mannvit
 - Samherji
 - Norðurorka
 - Tækifæri
 - N1

Hráefni



Steikingarolía

Gámpjónustan og Efnamóttakan sjá um söfnun á notaðri steikingarolíu frá veitingahúsum, bakaríum og mötuneytum

Samkvæmt starfsleyfum þessara aðila skal allur úrgangur þeirra fara á viðurkennda móttökustöð.



Dýrafita

Kjötvinnskur eins og Norðlenska, Kjarnafæði og B.Jensen senda mör og fitu til Orkeyjar.



Annað

Súrlýsi, hvalalýsi, olía og fita frá heimilum, og annar olíu- og fituríkur úrgangur t.d. verið að skoða mögulega nýtingu á fitu úr fitugildrum og frá skólphreinsun.

Innflutningur: kanólafræ / repjuolia

Vörur



LD-X Lífdísill

Afurðin er lífdísill sem ætlaður er til nota á stærri dísilknúin ökutæki, s.s. strætisvagna, sorpbíla, hópferðabíla og flutningabíla.



ME-7030 Íblöndunarefni

Afurðin er lífdísill sem ætlaður er sem umhverfis- og heilsuvænt íblöndunarefni í bik við lagningu vegklæðingar og getur komið í stað hefðbundinna lífrænna leysiefna (einkum terpentínu).



LD-30F Brennsluhvati

Afurðin er lífdísill sem ætlar er sem brennsluhvati á skipavélar. Samanburður á 1,5% íblöndun LD-30F og öðrum brennsluhvötum bendir til að LD-30F hafi a.m.k. sömu áhrif og þeir á bruna eldsneytisins.



w w w . o r k e y . i s